

Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem frestað var á fundi skóla- og frístundaráðs 9. maí 2018

Skóla- og frístundaráð Reykjavíkur skorar á menntamálaráðherra að breyta kerfi einkunnagjafar við brautskráningu úr grunnskóla. Meginmarkmið breytinganna verði að gera einkunnagjöf auðskiljanlega og gagnsæja fyrir nemendur, foreldra og kennara. Sérstaklega verði horft til þess hvort unnt sé að taka að nýju upp kerfi þar sem einkunnagjöf byggist á arabískum tölustöfum.

Greinargerð

Einkunnagjöf er mikilvægur þáttur náms með sambærilegum hætti og endurgjöf er mikilvægur hluti launaðrar vinnu. Mikilvægt er að einkunnagjöf sé auðskiljanleg og að greiðleg samskipti geti átt sér stað á grundvelli hennar á milli allra aðila skólasamfélagsins: nemenda, kennara foreldra sem og skólamálasérfræðinga.

Með gildistöku aðalnámskrár grunnskóla árið 2011 var ákveðið að taka upp breytt einkunnakerfi við brautskráningu úr grunnskóla. Einnig má nota kerfið við lok 4. og 7. bekkjar og almennt í námsmati grunnskóla. Einkunnakerfið felur í sér þrepaskiptan námsmatskvarða en einkunnir eru gefnar í eftirtöldum bókstöfum: A, B, B+, C, C+, D.

Fjölmargar ábendingar hafa borist frá nemendum, foreldrum, kennurum og skólastjórum um að nýja einkunnakerfið sé flókið og illskiljanlegt. Með því hefur stórt skref verið stigið í þá átt að sérfræðivæða umræður um einkunnagjöf og menntamál enn frekar en orðið er.

Það ætti að vera keppikefli hins opinbera að slíkt einkunnakerfi, sem allir grunnskólanemendur eru hluti af samkvæmt lögum, sé jafnframt hverjum manni skiljanlegt án þess að sækja þurfi sérstakt námskeið í því skyni. Kerfi eiga að þjóna fólkinu en umrætt einkunnakerfi gerir það ekki enda er skilningur almennings á því lítill. Skólaráðsfulltrúum Sjálfstæðisflokksins hafa borist margar ábendingar um að kennarar og jafnvel skólastjórar í grunnskólum Reykjavíkur hafi ekki treyst sér til að skýra hið nýja einkunnakerfi með fullnægjandi hætti á fundum með foreldrum heldur vísað á sérfræðinga í menntamálum að því leyti.

Á síðasta fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna flutti Ebba Kristín Yngvadóttir, fulltrúi ungmennaráðs Grafarvogs eftirfarandi tillögu:

„Lagt er til að borgarstjórn samþykki að fela skóla- og frístundasviði að skipuleggja fræðslu fyrir kennara, nemendur, foreldra og yfirstjórnendur um ABC-kerfið, eigi síðar en fyrir skólaárið 2018 og textalýsing verði gerð fyrir B+ og C+ og að einkunnakvarðinn verði endurskoðaður. Lagt er jafnframt til að sýnispróf og verkefni verði gerð til að leiðbeina kennurum hvernig skuli búa til hæfnimiðuð verkefni.“

Umræður um tillöguna í borgarkerfinu bera með sér að skilningi á hinu nýja einkunnakerfi sé stórlega ábótavant í skólum borgarinnar. Tillögunni var v skóla- og frístundaráðs Reykjavíkur og samþykkt með óverulegum breytingum á fundi þess 9. maí 2018. Í umræðum um tillöguna hefur komið skýrt fram að fjölmargar annmarkar nýja einkunnakerfinu, ekki síst hvað varðar skilning fólks „utan kerfisins“ á því, þ.e. almennings.

Vinnubrögð við innleiðingu einkunnakerfisins hafa verið harðlega gagnrýnd og m.a. kvartað yfir skorti á upplýsingagjöf og að misvísandi upplýsingar séu ítrekað gefnar óviljandi. Þá er það almenn skoðun kennara að nýja einkunnakerfið hafi aukið pappírsvinnu þeirra til muna og taki þannig verulegan tíma frá kennslu sem sé óviðunandi frá sjónarhóli nemenda.

Einkunnakerfið, sem hið nýja leysti af hólmi, var ekki gallalaust en hafði þó þann stóra kost að það var auðskiljanlegt flestum og að ekki þurfti sérfræðiþekkingu til að skilja það. Margt mælir með því að einkunnakerfi með arabískum tölustöfum verði tekið upp að nýju í nafni gagnsæis og bættis skilnings almennings á þeirri mikilvægu þjónustu sem grunnskólar landsins veita.